

Vefrit fjármálaráðuneytisins

18. janúar 2007

Endurskoðuð þjóðhagsspá

Þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins sem birt var í byrjun október 2006 hefur verið endurskoðuð fyrir árin 2006-2008 með hlidsjón af framvindu efnahagsmála og breytinga á forsendum. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi.


Hagvöxtur er áætlaður 2,5% á síðastliðnu ári. Skýr merki eru um að hægt hafi á vexti þjóðarútgjalda, þ.e. neyslu og fjárfestingu, á árinu 2006. Á þessu ári er gert ráð fyrir miklum samdrætti í fjárfestingu við lok yfirstandandi stóriðjuframkvæmda og nokkrum samdrætti einkaneyslu vegna veikingar á gengi krónunnar og auknu aðhaldi í efnahagsstjórn. Þrátt fyrir tilgreindan samdrátt er áætlað að aukinn útlutningur áls segi til sín og hagvöxtur verði 2,2% árið 2007. Vegna áframhaldandi bata í utanríkisviðskiptum er spáð 3,1% hagvexti árið 2008. Í þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er ekki reiknað með öðrum stóriðjuframkvæmdum en þeim sem þegar hefur verið tekin ákvörðun um.

Áætlað er að viðskiptahallinn hafi verið 22,4% af landsframleiðslu árið 2006. Aukninguna frá fyrri áætlun má rekja til mun meiri halla á jöfnuði þáttatekna en áður var gert ráð fyrir. Spáð er að viðskiptahallinn dragist hratt saman í ár og á næsta ári. Áætlað er að atvinnuleysi hafi verið 1,3% af vinnuafli að meðaltali árið 2006 og aukist í 2% í ár þegar hægir á efnahagslífinu. Spáð er 3,3% atvinnuleysi á næsta ári. Verðbólga var 6,8% milli árunna 2005 og 2006. Spáð er að hún nemi 3,8% að meðaltali árið 2007. Ráðgert er að verðbólguþéttun Seðlabankans verði náð upp úr miðju yfirstandandi ári. Spáð er 2,3% verðbólgu árið 2008.

Aðhald í stjórn peningamála jókst mikið árið 2006. Nýjar tölur benda til að aðhald í stjórn ríkisfjármála hafi einnig aukist umtalsvert það ár. Hvort tveggja hefur áhrif til að draga úr spennu í efnahagslífinu. Vegna hægari hagvaxtar árið 2006 en áður var spáð minnkar áætluð framleiðsluspenna það ár. Sökum hóflegs hagvaxtar er gert ráð fyrir að spennan hverfi úr hagkerfinu í ár og að framvinnan verði í jafnvægi árið 2008.

Helstu óvissuþættir í þjóðhagsspánni varða ástand á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum, gengi krónunnar og frekari stóriðjuframkvæmdir.

Hagvöxtur, þjóðarútgjöld og viðskiptajöfnuður sem hlutfall af VLF 1995-2008




Fólksbifreiðum með díselvélar fjölgar ört

Eitt af markmiðum lagasetningar um olíu- og kílómetragjald var að auka hlut bifreiða með díselvélar í bifreiðafлотanum af umhverfisástæðum. Lögin tóku gildi um mitt ár 2005 og síðan þá hefur hlutfall bifreiða með díselvélar aukist eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Með lögunum var fyrirkomulag skattlagningar á díselolíu einfaldað en jafnframt er olíugjaldið áfram lægra en samsvarendi skattlagning á bensín.

Samkvæmt upplýsingum á vef Umferðarstofu voru rétt tæplega 20.000 fólksbifreiðar fluttar til landsins árið 2006. Þar af voru 4.600 knúnar með díselvélum en það er rétt tæpur fjórðungur innfluttra fólksbifreiða það ár. Sama ár voru afskráðar 9.300 fólksbifreiðar sem þýðir að fyrir hverjar tvær sem fluttir voru inn til landsins fór ein af skrá. Yfirgnæfandi fjöldi afskráðra fólksbifreiða eru með bensínvél og því eykst hlutfall bifreiða með díselvél í bifreiðafлотanum. Þegar fyrirkomulagi skattlagningar á olíu var breytt var búist við að hlutdeild bifreiða með díselvél í innflutningi lítilla fólksbifreiða yrði komin í 45% árið 2010. Í fyrra má rekja 45% aukningar bifreiðafлотans til bifreiða með díselvél. Ef þessi þróun heldur áfram, eins og búist er við, mun markmið lagasetningarinnar nást. Aukin hlutdeild bifreiða með díselvél leiðir til samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda á hvern ekkinn kílómetra. Þótt fjölgun bifreiða auki heildarlosun bifreiðafлотans í landinu er áætlað að breytt samsetning hans hafi minnkað meðaleyðslu (og þar með losun) um 0,6% árið 2006, einu ári eftir að fyrirkomulagi á skattlagningu díselolíu var breytt.

Hlutfall fólksbifreiða með díselvél í bifreiðafлотanum




Útgjöld til háskóla og rannsókna hafa aukist um 176%

Samkvæmt fjárlögum 2007 nema útgjöld til háskóla og rannsókna 21,7 milljörðum króna. Á tímabilinu 1998 til ársins 2007 hafa útgjöldin til málefnaflokksins aukist um 13,9 milljarða króna sem samsvarar 176% aukningu. Sé á sama tímabili tekið tillit til verðlagsbreytinga nemur aukningin 87%.

Hlutfallslega hafa útgjöldin aukist einna mest hjá Háskólanum á Akureyri og hjá Háskólanum í Reykjavík. Þess ber einnig að geta að fjölgun brautskráðra nemenda af háskólastigi á Íslandi nemur um 88% á tímabilinu 1998 til ársins 2005.

Útgjöld til háskóla og rannsókna - milljarðar króna



Tekjur ríkissjóðs janúar-nóvember

12 mánaða breyting (%)	2005	2006
Skatttekjur og trygg.gjöld	21,3	12,9
Skattar á tekjur og hagnað	24,8	20,1
Eignarskattar	31,6	-42,6
Skattar á vöru og þjónustu	19,6	12,9
Tryggingagjöld	16,4	16,1
Tekjur alls	45,6	-6,2

Gjöld ríkissjóðs janúar-nóvember

12 mánaða breyting (%)	2005	2006
Almenn opinber þjónusta	31,2	-21,2
Heilbrigðismál	5,5	8,3
Alm.trygg. & velferðarmál	4,9	4,8
Efnahags- og atvinnumál	-2,5	2,5
Menntamál	14,7	12,1
Gjöld alls	8,9	1,8

Afkoma ríkissjóðs janúar-nóvember

Milljónir króna	2005	2006
Handbært fé frá rekstri	21.461	52.031
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	70.420	49.893
Afborgun lána	-61.597	-44.583
Brúttó lánsfjárfjöfnuður	3.691	1.661
Lántökur	7.734	21.587
Greiðsluafkoma	11.425	23.248

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	2005	2006
Verðbólga (janúar)	4,4	6,9
Kjarnaverðbólga (janúar)	4,3	7,1
Launavísitala (nóvember)	7,3	10,5
Heildarvelta (jan.-ágúst)	8,5	12,6
Smásluvelta (jan.-ágúst)	5,3	4,1
Atv.leysi, árst.leiðr. (des.)	1,5	1,2